

Skátafélagið Klakkur

2012/21

Skátafélagið Klakkur var stofnað 22. febrúar 1987. Stofnun Klakks varð endapunkturinn í sameiningu Skátafélags Akureyrar og Kvenskátafélags Valkyrjunnar á Akureyri. Skátastarf hafði fram að því verið kynjaskipt.

Upphaf skátastarfs á Akureyri má rekja til 22. maí 1917 þegar Skátasveit Akureyrar var stofnuð. Kvenskátafélagið Valkyrjan var stofnað 2. apríl 1923. 1939 var Skátafélag Akureyrar stofnað með sameiningu skátafélaganna á staðnum. Árið 1985 hófu þessi félög samstarf undir nafninu Skátabandalag Akureyrar en eftir það ár voru félögin sameinuð í eitt félag og Klakkur valið sem nafn þess.

Mikil gróska var í skátastarfi á Akureyri þegar Klakkur var stofnað og voru félagar um 400 talsins.

Skátafélagið á, rekur og viðheldur þremur útilegskálum í nágrenni Akureyrar; Gamla sem er staðsettur fyrir ofan Kjarnaskóg, Fálkafell sem er undir Súlum og Valhöll sem er í Vaðlaheiði.

Klakkur hefur verið duglegt að halda útilífsnámskeið og voru fyrstu námskeiðin haldin sumarið 1992.

Hamrar, útilífs- og umhverfismiðstöð skáta á Akureyri tók til starfa árið 2000 eftir nokkurra ára uppbyggingu. Hamrar er fjölbreytt útivistar- og athafnasvæði þar sem lögð er áhersla á umhverfismál, ferðamál og almenna útivist með þarfir skátahreyfingarinnar og almennings í huga.

Hyrna er félagsheimili Skátafélagsins Klakks. Húsnæðið staðsett á jarðhæð Þórunnarstrætis 99. Um er að ræða ný standsett húsnæði, tekið í notkun í maí 2016 og þar eru fundarsalir, fundarherbergi fyrir flokka, skrifstofa, eldhús o.fl. Hyrna er þannig e.k. miðstöð skátastarfs Klakks.

Afhendingin barst frá Karli Ómari Jónssyni. Önnur afhending frá sama skjalamyndara er 2025/23.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
6. ágúst 2025.

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

2012 / 21

A-Skátafélagið Klakkur

A-Skátafélagið Klakkur

1940 - 1946

A	1	1	1940 - 1946	Gjafabréf, þar sem skátafélagið Klakkur fær að gjöf möppu með þessu efni: Æskuminningar Karls Ómars Jónssonar um skátastarf á Akureyri 1940 -1946. Minningar um Tryggva Þorsteinsson. Gröf Baden Powell í Nyeri.
A	1	2	1946 - 1946	Gjafabréf Mappan Skátamót í Skotlandi árið 1946. Tímaritið Skjöldur. 2 diskar með myndum úr ferðinni. Skátamót í Skotlandi árið 1946 - Frásögn Páls Gíslasonar og Karls Ómars. Ferð á skátamót í Skotlandi 1946 - Frásögn Magnúsar Pálssonar. Fylgiskjöl: Skipshafnarskrá b/v Tryggva gamla 1946, myndir af Tryggva gamla, Skátablaðið 1946, 2. tbl, bls. 20.